

Stofnfundur skólaráðs Álfhólsskóla 22. Október. Haldinn í Álfhólsskóla Digranesi föstudaginn

Fundarmenn: Sigrún Bjarnadóttir, Magnea Einarsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Marínó Már Marinósson, Særún Sigurjónsdóttir og Jón Magnússon.

Fundur settur og fundarmenn kynntu sig. Óskað var eftir netföngum allra fundarmanna. Ákveðið að skólastjórar riti fundargerð á fyrsta fundi og síðan yrði fengin fundaritari á næsta fundi. Fundagerðir ráðsins verða birtar á heimasíðu skólans eins og lög gera ráð fyrir. Reiknað er með að ráðið fundi einu sinni í mánuði. Skólaráð skal halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins þ.e.a.s. foreldrafélagið og nemendaráðið.

1. Skólastjóri fór yfir aðdraganda að stofnun ráðsins og bakgrunn þess. Hann afhenti fundarmönnum um lög og reglugerðir um skólaráð. Einnig afhenti hann drög af starfsreglum og óskaði eftir athugasemdum varðandi starfsreglurnar fyrir næsta fund.

Skólastjóri lýsti því yfir að Skólaráð Álfhólsskóla væri nú formlega stofnað.

2. Málefni skólans:

- a. Rætt var um skólabyrjun sem farið hefur mjög vel af stað nú í haust. Farið yfir helstu verkefni sem skólinn stendur fyrir í vetur.
 - Læsi verkefni um lestur í 2.-4. bekk er farið af stað.
 - Saman í sátt, þar
 - Comínúsarverkefni
 - List- og verkgreinar
 - Nám við hæfi
- b. Námsefniskynningar
Rætt um námsefniskynningar sem voru í vikunni 21. -25. september. Kom þar fram að vel var mætt á yngsta stigi skólans, sæmileg mæting á miðstigi en illa mætt á elsta stigi. Spurningar vöknudú um hvernig við getum virkjað foreldra til betri og virkari þátttöku í starfi barna sinna.
- c. Almenn virðast nemendur vera mjög ánægðir með nýjan sameinaðan skóla og líða vel í skólanum.
- d. Almenn ánægja foreldra er með gangbrautarvörslu skólaliða á morgnana.
- e. Nokkrar kvartanir hafa heyrst vegna matar í mötuneyti nemenda. Kvartað er yfir því að nemendur fái ekki nóg að borða og líki ekki maturinn.
- f. Fyrirspurn um nemendaferðir og þá sérstaklega Danmerkurferð í 9. bekk. Ákveðið að taka þessa umræðu upp á næsta fundi.

Sigrún Bjarnadóttir, fundaritari.